

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 77/1986 um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða.

Í stað núverandi 2. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 komi ný grein sem orðist svo:

„Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu skal reiknuð og færð í ársreikninginn. Við útreikninginn skal miða við breytingu á lánskjaravísitölu innan reikningsársins.

Stofn til útreiknings áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal miðast við stöðu þessara liða í ársbyrjun og tekið skal tillit til breytinga innan reikningsársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir skulu endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir frá kaupmánuði til loka reikningsárs. Afskriftir skulu reiknaðar af þannig endurmetnu verði og gjaldfærðar í rekstrarreikningi á meðalverðlagi ársins.

Peim bönkum og sparisjóðum, sem miðað hafa endurmat eigna við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. meðaltalshækkun byggingarvísitölu milli ára, er heimilt að endurmeta varanlega rekstrarfjármuni samkvæmt ársreikningi ársins 1989 frá miðju því ári til ársloka 1989, áður en endurmat samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar er reiknað.“

Breyting þessi er gerð með stoð í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði og gildir frá og með reikningsárinu 1990. Þó er heimilt að fresta breytingum á ársreikningi samkvæmt þessum reglum til reikningsársins 1991 ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Viðskiptaráðuneytið, 13. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Tryggvi Axelsson.

11. febrúar 1991

REGLUGERÐ

Nr. 60

um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 0,08% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknunar fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 113/1990 öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 480 20. júní 1983 og nr. 232 25. maí 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.